Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
Kennitala: 141067-3119
2026-06-11 11:42:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARGRÉT LILJA MARGEIRSDÓTTIR
Kennitala: 101291-3409
2026-06-11 12:11:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
Kennitala: 240155-3549
2026-06-11 23:39:06 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
Kennitala: 300871-4619
2026-06-12 06:10:00 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
4. fundur 2026 (143. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 9. júní 2026 kl. 8:15. Fundurinn er fjarfundur (Teams).

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Gestir:

Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi öryggissvæðis

Forföll:

Jón B. Guðnason	skipulagsnefnd

1. **Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, vinnslutillaga.**
   Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
   Til kynningar: Skipulagsfulltrúi upplýsir um gang mála. Samgöngustofa hefur staðfest að það að fella fyrrum flugbraut 07/25 út úr skipulagi krefjist ekki fyrir fram samþykkis. Isavia fundaði með innviðaráðuneytinu þann 5. maí, á fund með Samgöngustofu þann 15. júní og aftur með innviðaráðuneytinu í framhaldinu.

2. **Umsagnarbeiðnir.**
   a. **Aðalskipulag Suðurnesjabæjar, óveruleg breyting vegna breytinga á íbúðasvæði ÍB-10 og OP-2, Skerjahverfi.**
   Mál nr. 503/2026 í skipulagsgátt. Kynningartími er til 10. júní 2026.
   Suðurnesjabær hefur óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034.
   Um er að ræða breytingu á þéttbýlisuppdrætti Sandgerðis, á skipulagsákvæðum og stærðarbreytingar á svæðum.
   Fulltrúi Suðurnesjabæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.
   Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.
   b. **Breyting á deiliskipulagi í Suðurnesjabæ. Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegar, Skerjahverfi.**
   Mál nr. 505/2026 í Skipulagsgátt. Kynningartími er til 10. júní 2026.
   Suðurnesjabær hefur óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðasvæðis sunnan Sandgerðisvegar, Skerjahverfi.
   Fulltrúi Suðurnesjabæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.
   Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.
   c. **Breyting á deiliskipulagi í Reykjanesbæ. Valhallarbraut 868, Verne Global.**
   Mál nr. 507/2026 í Skipulagsgátt. Kynningartími er til 21. júní 2026.
   Reykjanesbær hefur óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

við tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Valhallarbraut 868, Verne Global.
Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

d. Breyting á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar. Bergvík, vinnslutillaga.
Mál nr. 1040/2025 í Skipulagsgátt. Kynningartími er til 04. júní 2026.
Suðurnesjabær hefur óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034. Um er að ræða breytingu vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Bergvík.
Fulltrúi Suðurnesjabæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Afgreiðsla: Sjá sameiginlega afgreiðslu með næsta dagskrárlið „Nýtt deiliskipulag í Suðurnesjabæ. Bergvík, vinnslutillaga“.

e. Nýtt deiliskipulag í Suðurnesjabæ. Bergvík, vinnslutillaga.
Mál nr. 1042/2025 í Skipulagsgátt. Kynningartími er til 04. júní 2026.
Suðurnesjabær hefur óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Bergvík.
Fulltrúi Suðurnesjabæjar vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Afgreiðsla: Skipulagsfulltrúa er falið að senda inn eftirfarandi umsögn um mál 1040/2025 og 1042/2025 fyrir hönd Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar vill taka undir það sem kemur fram í umsögnum Isavia og Landhelgisgæslunnar við vinnslutillögu deiliskipulags Bergvíkur varðandi há mannvirki (sem geta orðið allt að 70-120 m yfir landhæð) í nágrenni flugvallarsvæðisins sem geta haft áhrif á flugferla, aðflug, búnað o.fl. á flugvellinum svo og búnað í ratsjár- og fjarskiptamiðstöðinni á Miðnesheiði. Einnig að olíubirgðastöðinni í Helguvík og lagnabelti þar séu tryggð nægt landrými svo og að öryggiskröfur séu uppfylltar.

Tillaga að endurskoðun Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2023-2040 er í vinnslu, en hefur ekki verið auglýst formlega en vinnslutillaga var auglýst sumarið 2025. Samræma þarf mörkin milli skipulagssvæðis Bergvíkur/Suðurnesjabæjar og skipulagssvæði Keflavíkurflugvallar og öryggissvæðisins sem eldsneytislögn liggur um.

3. Surface Movement Radar (SMR) mastur á Keflavíkurflugvelli, kynning.
Til kynningar: Isavia kynnir A-SMGCS (Advanced Surface Movement Guidance and Control System) kerfi sem Isavia vinnur að innleiðingu á. Kerfinu fylgir SMR mastur sem yrði 35-48 m. hátt.
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ráð fyrir að Isavia vinni málið áfram, skoði staðsetningu mastursins og tengds búnaðar m.t.t. vinnslutillögu að nýju aðalskipulagi og þörf fyrir grenndarkynningu áður en málið kemur aftur til nefndarinnar.

4. Önnur mál.

a. Aðstaða viðhaldsfyrirtækisins GMT ehf.
Til kynningar: Lagt er fram minnisblað um aðstöðu viðhaldsfyrirtækisins GMT ehf. Núverandi aðstaða þeirra er að fara undir framkvæmdasvæði. Nauðsynlegt er að tryggja GMT nýja og viðunandi aðstöðu á Vesturhlaði. Isavia leggur til að aðstaða verði útbúin á lóðinni Fálkavöllur 1, þar sem WOW var áður með aðstöðu.
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ráð fyrir að félagið sæki um byggingarleyfi.

b. **Skipan nefndamanna.**
   Rætt er um skipan nýrra nefndarmanna í kjölfar sveitarstjórnarkosninga.
c. **Formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna óskar eftir fundi.**
   Fram kemur að formaður Öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna hefur óskað eftir að öryggisnefndin fundi með skipulagsnefndinni.
   Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sér því ekkert til fyrirstöðu og reiknar með að af því geti orðið í haust.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður um næstu mánaðarmót. Nánari dagsetning verður ákveðin síðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:20.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx